



632. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 9. Janúar 2026, kl. 12:30

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Helga Jóhanna Harðardóttir og Gauti Árnason.

Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. Tillögur að breyttum áherslum í Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

- a. Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri tók saman í samstarfi við byggðaþróunarfulltrúa, plúsa og mínusa þess að hafa aðeins eina úthlutun á ári úr Uppbyggingarsjóði.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu sem tilraunaverkefni til tveggja ára og felur verkefnastjóra undirbúa nýtt verklag í samstarfi við byggðaþróunarfulltrúa og verkefnastjóra miðlunar hjá SASS. Að loknu tilrauna tímabilinu verður verkefnið metið og ákvörðun um framhald tekin í ljósi niðurstaðna.

2. Fulltrúar úr stjórn SASS í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands / SOS

- a. Í ljósi breytinga á starfsemi og samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands óskaði stjórn SOS eftir því að þrír stjórnarmenn úr stjórn SASS sem jafnframt eru fulltrúar aðildarsveitarfélaga SOS taki að sér hlutverk stjórnar SOS.

Stjórn var jafnframt beðin um að skoða fundafyrirkomulag stjórnar SOS í framhaldi – og hvort hægt sé að taka málefni SOS fyrir samhliða fundum SASS; í beinu framhaldi þeirra; eða á öðrum tíma.

Stjórn leggur til að þau Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Árni Eiríksson og Brynhildur Jónsdóttir taki að sér hlutverk stjórnar SOS eftir auka aðalfund þess þann 12. janúar nk. og að fundarfyrirkomulag verði með þeim hætti að málefni SOS verði liður á dagskrá stjórnarfunda SASS til þess að tryggja miðlun upplýsinga til allra stjórnarmanna SASS og aðildarsveitarfélaga.

3. Erindi frá Sorpstöð Suðurlands

Stjórn SOS lagði erindi til stjórnar SASS um ráðningu starfsmanns í eitt ár til þess að sinna málefnum SOS og kanna möguleika enn frekara samstarfs sveitarfélaganna á Suðurlandi á sviði úrgangsmála.

Stjórn samþykkir að taka þetta hlutverk að sér og að vinna málið áfram eftir auka-aðalfund SOS.

4. Innra skipulag samtakanna

Kynning á vinnu KPMG á innra skipulagi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga lögð fyrir fundinn.

Stjórn SASS samþykkir drög að nýju skipulagi og felur framkvæmdastjóra að vinna það áfram í framhaldi.



5. Önnur mál

- a. Farið yfir samþykkt áhersluverkefni fyrir árið 2026 og kynninguna á þeim.
- b. Stjórn leggur til að formenn nefnda sem störfuðu fyrir ársþing SASS skrifi greinar um niðurstöður sinna málaflokka og sendi á fjölmiðla í samvinnu við verkefnastjóra miðlunar hjá SASS. Miðað er við að málaflokkarnir umhverfi, atvinna- og nýsköpun, samfélag og innviðir, fái allir umfjöllun og niðurstöður nefndanna settar fram á þann hátt sem vekur athygli á Suðurlandi og áherslum okkar. Stjórn samþykkir að formenn nefnda skili af sér drögum að greinum fyrir næsta stjórnarfund til framkvæmdastjóra sem vinnur þær áfram með verkefnastjóra miðlunar.

6. Trúnaðarmál

Framkvæmdastjóri viku af fundi

7. Lagt fram til kynningar

- a. 167. stjórnarfundur Austurbrúar
- b. 18. stjórnarfundur SSA
- c. 991. Fundargerð stjórnar SÍS
- d. Staða mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 6. febrúar 2026 á skrifstofu Flóahrepps